

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

3. október 2023,
17. fundur heilbrigðisnefndar, fundarboð.

Þriðjudaginn 3. október 2023 fór fram 17. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) og hófst hann kl. 16:30. Eftirtaldir aðalmenn eru boðaðir til fundarins, Linda Hrönn Þórisdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Bjarni Ingimarsson, Ingibjörg Hauksdóttir og Gnýr Guðmundsson. Eftirtaldir starfsmenn eru einnig á fundinum, Hörður Þorsteinsson, Árni Davíðsson, Þóra Dögg Jörundsdóttir og Ríkharður F. Friðriksson.

1. Rekstrarmál

1.1. Fjárhagsáætlun 2024 og gjaldskrá fyrir árið 2024.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsgjalda fyrir árið 2024 og gjaldskrá fyrir hundahald. Þá kynnti framkvæmdastjóri rekstrarstöðu miðað við 31. ágúst s.l. og afkomuspá heilbrigðiseftirlitsins miðað við árslok. Þá var farið yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2024, en gjaldskrá reiknast í samræmi við heildargjöld eftirlitsins og í samræmi við eftirlitsáætlun ársins 2024.

Tillaga að bókun:

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að ganga frá fjárhagsáætlun með hliðsjón af umræðum á fundinum og senda aðildarsveitarfélögunum hana til umfjöllunar og ganga frá gjaldskrá eftirlitsins í samræmi við forsendur áætlunarinnar að fenginni samþykkt sveitarfélaganna.

2. Skipulagsmál

2.1. Umsögn Arnarland – deiliskipulag

Arnarland. Deiliskipulag íbúðabyggðar og breyting á aðalskipulagi tillaga til forkynningar í ágúst 2023. Lögð fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016- 2030 og gerð nýs deiliskipulags blandaðrar byggðar í landi Arnarlands. Tillagan gerir ráð fyrir því að reit fyrir verslun og þjónustu, 3.37 Vp, í gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar verði breytt í miðsvæði (M). Með breytingu á aðalskipulagi, þar sem landnotkun verður breytt í miðsvæði, er stefnt að því að uppbygging á svæðinu verði blönduð byggð verslunar og þjónustu ásamt íbúðabyggð. Á svæðinu er gert ráð fyrir u.þ.b. 40.000 m² af verslunar-, þjónustu-og skrifstofurýmum ásamt u.þ.b. 500 íbúðum í fjölbýlishúsum. Skipulaginu er ætlað að stuðla að sjálfbærri og umhverfisvænni byggð með góðu aðgengi að verslun og þjónustu, góðum vistvænum samgöngum, skilvirkum gatnatengingum og góðum tengingum við nærliggjandi stígakerfi og náttúru. Stefnt er að því að skipulagsáætlunin hljóti vistvottun BREEAM Communities.

Heilbrigðiseftirlitið sendi inn eftirfarandi ábendingar um tillögur að skipulagi fyrir Arnarland. Mikilvægt er að við skipulag og væntanlega alla hönnun verði sérstaklega að taka tillit til hávaðamála. Miklar umferðaræðar afmarka skipulagssvæðið. Uppfylla þarf kröfur í reglugerð um hávaða vegna hávaða frá umferð.

Brýnt er að í skipulagi, þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð atvinnustarfsemi (heilsutengdri starfsemi) og íbúða, sé hugað að því að gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af mengun, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar. Einnig verði hugað að aðgreiningu sameigna íbúða frá atvinnutengdum rýmum.

Leggja þarf áherslu á að við þéttingu byggðar sé horft til lausna í anda sjálfbærrar þróunar og í því sambandi þarf að huga að, að göngustígar og hjólastígar séu í tengingu við væntanlega Borgarlínu, en mikilvægt er að aðkoma gangandi og hjólandi verði sem öruggust að þeim samgöngumannvirkjum sem tengjast henni. Öruggar tengingar gangandi og hjólandi þurfa líka að vera í allar áttir yfir stofnbrautir sem umlykja hverfið.

Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á að í 500 íbúðum getur búið allnokkur fjöldi barna og því þarf að huga öruggum leiðum fyrir þau í grunn og leikskóla. Ekki virðist gert ráð fyrir leikskóla í hverfinu, sem e.t.v. þarf að skoða betur. Fjarlægð til næstu leik- og grunnskola í Garðabæ er allläng. Ef ekki verður gert ráð fyrir skólahúsnæði á svæðinu ætti að minnsta kosti að gera ráð fyrir biðstöð skólarútu.

Tillaga að bókun:

Heilbrigðisnefnd staðfestir ábendingar eftirlitsins en áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum við endalega útfærslu skipulagsbreytinganna.

2.2. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir brú yfir Fossvog

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í breytingunni felst að lega landfyllingar, akbrautar, göngu- og hjólastíga, áningarstaða, biðstöðva fyrir almenningsvagna er uppfærð í samræmi við þá hönnun sem liggur fyrir. Deiliskipulagsmörk breytast til að rúma eftirfarandi atriði að fullu innan deiliskipulagsins: legu akbrautar, stíga, yfirborðs landfyllingar og frágang á grjóttgarði. Einnig er skilgreind staðsetning háspennustrengs og varúðarsvæði hans í landi Kópavogs. Samhliða er kynnt tillaga að breyttu deiliskipulagi Kársneshafnar, Vesturvör 38A og 38B.

Tillaga að bókun:

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að það hefur orðið vart við staðbundna mengun á uppfyllingu á skipulagssvæði brúar yfir Fossvog. HEF vill leggja áherslu á að við uppgröft á svæðinu skal fjarlægja malbik og annað sýnilegt rusl og sorp sem kemur upp og farga því á viðeigandi hátt og gera grein fyrir því gagnvart heilbrigðiseftirliti. Gera þarf heilbrigðiseftirliti viðvart ef komið er niður á slíkt efni við uppgröftinn.

Miðað við núverandi deiliskipulag um leyfilega umferð á brú er ólíklegt að hljóðvist frá umferð verði vandamál í nærliggjandi byggð. Við deilihönnun brúar þarf þó að huga að mögulegum hljóðáhrifum af brú vegna vinds sem blæs í gegnum hana. Þekkt er að klæðningar á brúm geta valdið flautuáhrifum í ákveðnum vindáttum við ákveðin vindstyrk.

2.3. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturvör 38A og 38B

Í breytingunni felst að deiliskipulagsmörk færast að lóðarmörkum Vesturvarar 38A til austurs og norðurs. Á lóðarmörkum á austurhluta svæðisins er skilgreint varúðarsvæði fyrir háspennustreng í jörðu. Aðkoma að svæðinu og innan þess breytist vegna fyrirhugaðrar Borgarlínu og brú yfir Fossvog. Samhliða er kynnt tillaga að breyttu deiliskipulagi Brú yfir Fossvog.

Tillag að bókun:

Á nálægu uppfyllingasvæði hefur orðið vart við staðbundna jarðvegsmengun. Í ljósi þess þá fer HEF fram á að könnun verði gerð á jarðvegsmengun á umræddum lóðum áður en framkvæmdir hefjast. HEF leggur áherslu á að við uppgröft á svæðinu skuli fjarlægja malbik og annað sýnilegt rusl og sorp sem kemur upp og farga því á viðeigandi hátt og gera grein fyrir því gagnvart heilbrigðiseftirliti. Gera þarf heilbrigðiseftirliti viðvart ef komið er niður á slíkt efni við uppgröftinn.

3. Önnur mál

3.1. Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um jarðboranir í Þormóðsdal.

Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem kærð var sú ákvörðun heilbrigðisnefndar að hafna umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir jarðborun í rannsóknarskyni í Þormóðsdal.

Niðurstaða úrskurðarins er að felld er úr gildi ákvörðun Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 6. mars 2023 um að hafna umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir jarðborun í rannsóknarskyni í Þormóðsdal.

Í rökstuðningi nefndarinnar kemur fram að með hliðsjón af því að skylda til öflunar starfsleyfis skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 er bundin við starfsemi sem telst til atvinnureksturs og að teknu tilliti til þess að rannsóknarleyfi Orkustofnunar, sem er til grundvallar starfsemi kæranda, heimilar ekki atvinnurekstur heldur takmarkaða og tímabundna rannsóknarstarfsemi, sem afmörkuð er sem slík í lögum, verði að álíta að áformaðar jarðboranir falli utan gildissviðs 6. gr. laga nr. 7/1998 og séu því ekki starfsleyfis skyldar.

Bókun:

Lagt fram til kynningar.


3.2. Drög að samræmdri samþykkt um meðhöndlun úrgangs.

Lögð fram drög að nýrri samþykkt um meðhöndlun úrgangs. Stefnuráð byggðasamlags sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skipaði starfshóp sem ætlað var að vinna drög að samræmdri samþykkt um meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélögin. Óskað er eftir athugasemdum eða ábendingum við drögin áður en þau fara í formlegt afgreiðsluferli.

Heilbrigðisnefnd sveitarfélagsins hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs skv. 2. gr. mgr. 4 gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum og 4. gr. reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt 2. mgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 skal heilbrigðisnefnd semja drög að samþykktum um meðferð úrgangs og skolps og breytingum á þeim og leggja fyrir viðkomandi sveitarstjórn.

Tillaga að bókun:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Heilbrigðisnefnd vill koma að eftirfarandi ábendingum en áskilur sér rétt til að koma að koma að frekari athugasemdum áður en nefndin sendir sveitarfélögunum, samþykktirnar til afgreiðslu.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að við auknar kröfu um flokkun og skil til grenndarstöðva þurfa sveitarfélögin að huga að aðgengi fólks með fötlun og öldruðum og aðgengi þessa hóps að flokkunarilátum og grenndargámum.

Í 5. gr. samþykktanna er gert ráð fyrir að sveitarfélög sé heimilt í dreifbýli í samráði við heilbrigðisnefnd að setja upp ílát undir heimilisúrgang í alfaraleið í stað þess að sækja úrganginn á hvert heimili. Einnig má velta fyrir sér hvort sanngjarnt sé að íbúar dreifbýlis búi við lakari aðstæður varðandi sorphirðu en aðrir íbúar sveitarfélagsins. Í þessu ákvæði mætti gera greinamun á sorphirðu gangvart lögbylum eða fristundabyggð innan sveitarfélagsins.

Í 6. gr. kemur fram að Sorpa bs. sé ætlað að hafa umsjón með rekstri grenndarstöðva fyrir flokkaðan heimilisúrgang skv. þjónustusamningi við sveitarfélagið. Sorpa bs. sér um rekstur móttökustöðva og endurvinnslustöðva, en það er nýlunda að byggðasamlagið sjái líka um grenndarstöðvar. Hér vaknar spurning hvort opna eigi fyrir að aðrir aðilar s.s. húsfélög, hverfasamtök eða sveitarfélögin sjálf, geti komið að rekstri grenndarstöðva, eða haft forgöngu um að bjóða út þann rekstur.

Í 2. mgr. 6. gr. kemur fram að stöðvarnar skulu staðsettar þar sem aðgengi er gott hvort sem er fyrir gangandi, hjólandi eða akandi og þéttleiki grenndarstöðva sé þess gætt að jafnræðis sé gætt. Það er mikilvægt að jafnframt sé þess gætt að aðkoma sé greið fyrir fatlaða og aldraða og spurning hvort ekki sé rétt að í samþykktunum komi fram markmið sveitarfélagsins um að grenndarstöðvar séu innan ákveðins geisla frá lögheimili, t.d. að 95% heimila sé innan við 800 metra geisla frá grenndarstöð.

Í 9. gr. er ákvæði um að rekstraraðilum sé óheimilt að geyma úrgang á lóðum lengur en nauðsyn getur talið. Spurning hvort ekki þurfi að kveða fastara að orði, s.s. að fylgja verði tilmælum heilbrigðiseftirlits varðandi hreinsun.

Í 13. gr. samþykktanna er fjallað um umgengni á lóðum og á almannafæri. Þó er einungis kveðið á um umgengni á víðavangi, götum, gangstéttum eða opnum svæðum. Í reglugerð um hollustuhætti kemur fram að bannað sé að skilja eftir, flytja eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdi geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Spurning hvort það megi vísa í reglugerðina eða endurtaka úr henni í þessari grein?

Með stjórnvaldsektir og viðurlög við brot á samþykktinni fer samkvæmt 67. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og lögreglusamþykkt. Beiting stjórnvaldssekta er flókin og tímafrek aðgerð og hefur sjaldan verið beitt þó svo stjórnvaldssektir liggi við að skilja eftir sorp á víðavangi sbr. 4. mgr. 9 gr. laganna. Spurning hvort hægt sé að hafa skýrari heimildir til beitingu stjórnvaldssekta til að ná fram meiri reglufylgd.

Í 15. gr. er ákvæði um að gjald skuli ákvörðuð m.a. af fjarlægð sem draga þarf ílát við losun. Þetta ákvæði þarf að vera þannig að heimild sé fyrir gjaldi, en ekki skilyrði.

Linda Hrönn Þórisdóttir

Linda Hrönn Þórisdóttir

Bjarni Ingimarsson

Bjarni Ingimarsson

Svanur Karl Grjetarsson

Svanur Karl Grjetarsson

Gnýr Guðmundsson

Gnýr Guðmundsson

Ingibjörg Hauksdóttir

Ingibjörg Hauksdóttir

Hannes Tryggvi Hafstein

Hannes Tryggvi Hafstein

4. Starfsleyfi og umsagnir

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 30.08. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.1. Norðurhella 8, Hafnarfjörður – pökkun og dreifing

Lögð fram umsókn Sverris Berg Steinarssonar, f.h. Kaffistofan., kt. 440413-0480, dags. 08.08.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir pökkun og dreifingu á kaffi að Norðurhelli 8, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2305371. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 30.08.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags.16.08.2023. Jákvætt svar byggingafulltrúa 29.08.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.2. Dalvegur 4, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Bjarna Gunnarssonar, f.h. Kansas ehf., kt. 611222-0330, dags. 17.08.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Dalvegi 4, Kópavogi. Fasteignanr. F2059490. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 28.08.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.3. Engihjalli 8, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Jóns Tómasar Rúnarssonar, f.h. Samkaup hf., kt. 571298-3769, dags. 07.06.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun að Engihjalla 8, Kópavogi. Fasteignanr. F2059921 Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 07.07.2023, úrbótaáætlun dags. 25.08.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

4.4. Hagasmári 9, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Jóns Friðriks Þorgrímssonar, f.h. Mandi Express, kt. 490911-1540, dags. 28.08.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Hagasmára 9, Kópavogi. Fasteignanr. F2235241. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 29.08.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.5. Hamraborg 5, Kópavogur – snyrtistofa KR

Lögð fram umsókn Halldóru Vattnes kt. 160888-2619, f.h. Femmen snyrtistofa, dags. 10.11.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Hamraborg 5, Kópavogi. Fasteignanr.F2061421. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 08.03.2023.

Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 19.07.2023 (ítrekun 29.08.2023). Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 30.08.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.6. Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla – ABB (afgr. 30/8)

Lögð fram umsókn Björns Vilhelms Ólafssonar f.h. BJAX ehf., kt. 620523-1430 dags. 28.06.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.08.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.7. Kaplakriki, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.08.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Gunnars Mogensen kt. 300405-3630 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu fyrir Verzlunarskóla Íslands þann 13.09.2023 frá kl. 21.00 – 01.00 í íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 1300 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

4.8. Öldugata 29, Hafnarfirði – rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.08.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bygging & Viðhald ehf., kt. 650417-0700 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, íbúðir að Öldugötu 29 í Hafnarfirði.

Byggingafulltrúi veitir neikvæða umsögn fyrir rekstrarleyfi gististað, samræmist ekki Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Neikvæð umsögn þar sem ekki liggur fyrir starfsleyfi fyrir gististað.

4.9. Dalvegur 4, Kópavogur – rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.08.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kansas ehf., kt. 611222-0330 (Saffran) þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingaleyfi – A veitingahús – flokkur II. Að Dalvegi 4, Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 30 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

Annað

4.10. Dalssmári 5, Fífan Íþróttahús – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Ernu Sveinbjörnsdóttur, f.h. Ferðaklúbbsins 4x4., kt. 701089-1549, dags. 18.08.2023, þar sem sótt er um tímabundið leyfi fyrir dreifingu matvæla á jeppasýningu 4x4 í Fífunni Dalsmára 5, Kópavogi dagana 15-17. september.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er tímabundið starfsleyfi samþykkt.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 06.09. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.11. Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Öldu Karlsdóttur f.h. Þín Fegurð ehf, kt. 530723-0110, dags. 24.07.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Fasteignanr.F223-3439, húshluti 02-13. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 06.09.2023.

Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 26.07.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 27.7.2023. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.12. Dalsmári 5, Kópavogur – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.08.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kópavogsbæjar kt. 700169-3759 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna Árshátíðar Kópavogsbæjar þann 30.09.2023-01.10.2023 frá kl. 18.30 – 01:00 í íþróttahúsinu Smárin, Dalsmára 5, Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 1400 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.13. Nýbýlavegur 18, Kópavogur – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Sjafnar Kolbrúnar Benónýsdóttur f.h. Sjafnarhár ehf./Klippistofan Nýbýlavegi, kt. 690322-0640 dags. 10.05.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtistofu að Nýbýlavegi 18, Kópavogi.

Fasteignanr. F2064410. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 05.06.2023.

Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á athafnasvæði

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

4.14. *Pverholt 7, Mosfellsbær – tannlæknastofa*

Lögð fram umsókn Katrínar Rósar Ragnarsdóttur, f.h. Tannholt slf., kt. 650423-3480 dags. 04.09.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir tannlæknastofu að Pverholti 7, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2304742. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 12.12.2022.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 13.09. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.15. *Eyvindarholt 1, Garðabær– gistiheimili*

Lögð fram umsókn Áslaugar Örne Stefánsdóttur f.h. Gistiheimilið Eyvindarholt – Álft ehf., kt. 410715-0740, dags. 08.09.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gistiheimili að Eyvindarholti 1, Garðabæ. Fasteignanr. 2081466, Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 13.04.2023.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

4.16. *Litlatún 3, Garðabær– lyfjaverslun*

Lögð fram umsókn Magnúsar Sigurðssonar f.h. Apótek Garðabæjar, kt. 540311-1530, dags. 29.08.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir lyfjaverslun að Litlatúni 3, Garðabæ. Fasteignanr. F2305334. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 07.09.2023.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.17. *Suðurhraun 4, Garðabær– mótuneyti*

Lögð fram umsókn Eðvalds Valgarðssonar f.h. Samhentir, kt. 560196-2299, dags. 11.09.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir mótuneyti að Suðurhrauni 4, Garðabæ. Fasteignanr. F2072351. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 12.09.2023.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.18. *Urriðaholtsstræti 2, Garðabær– matvöruverslun*

Lögð fram umsókn Heiðu Bjarkar Friðbjörnsdóttur f.h. Krambúðin, kt. 571298-3769, dags. 07.09.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun að Urriðaholtsstræti 2, Garðabæ. Fasteignanr. F2503852. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 13.09.2023.
Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.19. *Bláfjallafólkvangur, Hafnarfjörður*

Lögð fram umsókn Andra Freys Hlynssonar, f.h. Glassriver-Black Sands Production kt. 461211-0460 dags. 24.08.2023, þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi fyrir kvikmyndatökur á Bláfjallasvæðinu, Hafnarfirði. Minnisblað dags. 13.09.2023. Tökudagur dags. þann 30.11.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt tímabundnu leyfi frá 16.11.2023 – 04.12.2023.

4.20. Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður – snyrtistofa með húðrof

Lögð fram umsókn Guðríðar Láru Gunnarsdóttur, f.h. Beauty Salon Snyrtistofa ehf., kt. 621119-1170, dags. 08.09.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu með húðrof að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2223447 Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 13.09.2023. *Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

4.21. Hnotuberg 19, Hafnarfjörður – skammtímadvöl

Lögð fram umsókn Hrannar Harðardóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar / Skammtímadvöl Hnotubergi 19, kt. 590169-7579, dags. 06.09.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir skammtímadvöl fatlaðra að Hnotubergi 19, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2311768. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 03.04.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

4.22. Askalind 3, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Hrafnkels Freys Magnússonar f.h. Hlekkir sf., kt. 580906-0600 dags. 31.08.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir verslun með hráefni til bjórgerðar að Askalind 3, Kópavogi. Fasteignanr. F2237052. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 12.09.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

4.23. Víkurhvarf 4, Kópavogur – vélaverkstæði/garðauðun

Lögð fram umsókn Birnu Rúnar Sævarsdóttur f.h. Hreinir Garðar ehf., kt. 690909-0810, dags. 05.09.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir garðyrkjuvirkni að Víkurhvarfi 4, Kópavogi. Fasteignanr. F2285921. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 13.09.2023.

Með vísun til hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

4.24. Hafnarbraut 15c, Kópavogur - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.09.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Brauð Útgerð ehf., kt. 570317-0830, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir Brikk, kaffihús í fl. II að Hafnarbraut 15c, Kópavogi, fnr. F2504810.

Jákvæð umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 31.05.2021.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.25. *Hvaleyrarbraut 37, Hafnarfjörður – Vélsmiðja*

Lögð fram umsókn Hrafns Konráðssonar f.h. Vélsmiðju Konráðs Jónssonar, kt.511088-1439, dags. 10.08.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir vélsmiðju að Hvaleyrarbraut 37, Hafnarfirði. Fasteignanr. F223-4197. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 06.09.2023. Fyrirspurn á byggingafulltrúa dags. 29.08.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 04.09.2023. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

4.26. *Melabraut 22, Hafnarfjörður – fiskvinnsla*

Lögð fram umsókn Einars Þorsteins Pálssonar f.h. Arctic Mar ehf., kt. 470721-0490, dags. 31.08.2023 þar sem sótt er um skráningu fyrir fiskvinnslu að Melabraut 22, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2077824. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 31.08.2023. Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Tóbaksleyfi

4.27. *Urriðaholtsstræti 2, Garðabæ – tóbaksleyfi*

Lögð fram umsókn fyrir Samkaup hf., kt. 571298-3769, dags. 31.08.2023 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Krumbúðina Urriðaholtsstræti 2, Garðabæ. Eftirlitsskýrsla dags. 12.09.2023. Leyfisveiting staðfest.

4.28. *Reykjavíkurvegur 62, Hafnarfjörður – tóbaksleyfi*

Lögð fram umsókn fyrir Mini Market ehf., kt. 470214-1040, dags. 11.09.2023 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Mini Market, Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði Eftirlitsskýrsla dags. 21.03.2023. Leyfisveiting staðfest.

4.29. *Hagasmári 9, Kópavogur – tóbaksleyfi*

Lögð fram umsókn fyrir Halal ehf., kt. 490911-1540, dags. 05.09.2023 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Mandí Express veitingastað, Hagasmára 9, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 07.09.2023. Leyfisveiting staðfest.

4.30. *Smiðjuvegur 6, Kópavogur – tóbaksleyfi*

Lögð fram umsókn fyrir Pólóborg ehf., kt. 591017-0630, dags. 06.09.2023 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Polo, Smiðjuvegi 6, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 07.09.2023. Leyfisveiting staðfest.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 20.09. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.31. Dalvegur 30, Kópavogur – Veitingahús

Lögð fram umsókn Glenn Moyle, f.h. Glenn's kitchen, kt. 710821-1510 dags. 12.09.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingahús að Dalvegi 30, Kópavogi. Fasteignanr. F2245383. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 18.09.23.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.09.2023. Svar barst frá byggingafulltrúa 13.09.2023 um að öryggisúttekt sé lokið og húsnæðið sé í samræmi við skipulag.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

4.32. Urðarhvarf 4, Kópavogur – gististaður

Lögð fram umsókn Jóns Ingvars Bragasonar f.h. Aegina ehf., kt. 681013-0830, dags. 14.06.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir íbúðir í skammtímaleigu að Urðarhvarfi 4, Kópavogi.

Fasteignanr.F2311658-64. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 07.09.2023.

Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 26.06.2023. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 03.07.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 árs meðan unnið er að fullnustu á kröfum byggingafulltrúa.

4.33. Þverholt 2, Mosfellsbær – hundar á bókasafn

Lagt fram erindi frá Bókasafni Mosfellsbæjar þar sem sótt er um leyfi fyrir því að veita hundum aðgang að bókasafninu dags. 30.09.2023 og 25.11.2023, samanber 3. málslíð 19. gr. rg. um hollustuhætti.

Jákvæða umsögn staðfest.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 27.09. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.34. Stuðlaberg 92, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Ragnheiðar Thoroddsen f.h. Vinisro ehf., kt. 7108180530, dags. 01.09.2023, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili starfseminnar er að Stuðlabergi 92, Hafnarfirði. en vörugeymsla og vörudreifing er frá vöruhóteli. Fastanúmer lögheimilis: F2079586. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 27.09.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

4.35. Borgartangi 3, Mosfellsbær – gististaður

Lögð fram umsókn Árna Sörensen kt. 090657-7399 f.h. G15 ehf., kt.420223-1020, dags. 30.05.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir gististað, útleiga Airbnb, að Borgartanga 3, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2083103. Ný starfsemi.

Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 31.05.2023. Neikvætt svar byggingafulltrúa 20.06.2023 og 21.09.2023. Eftirlitsskýrsla dags. 05.06.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða og neikvæðrar afstöðu byggingafulltrúa er umsókn hafnað.

4.36. Laxatunga 70, Mosfellsbær – leikskóli

Lögð fram umsókn Guðrúnar Pálsdóttur f.h. Mosfellsbæjar, kt.470269-5969, dags. 11.09.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir leikskóla, Leirvogstunguskóla, að Laxatunga 70, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2320447 Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 27.09.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeiglurugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4.37. Melkot, Mosfellsbær – gististaður

Lögð fram umsókn Halldórs Þorgeirssonar f.h. Kvíkmyndafélagið Umbi kt. 420983-0859, dags. 31.05.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað að Melkoti ,271 Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2083474. L124512. Ný starfsemi. Bréf sent til byggingafulltrúa dags. 27.06.2023. Jákvætt svar byggingafulltrúa 21.09.2023. Eftirlitsskýrsla dags. 21.06.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

1.1 Bæjarlind 1-3, Kópavogur - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 18.09.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Steinabær 23 ehf., kt. 461118-0460, þar sem sótt er um leyfi til reksturs Veitingaleyfi – E Kaffihús – Flokkur II. Í Bold – Hársnyrtistofu Bæjarlind 1-3, Kópavogi. fnr.F2235223.

Neikvæð umsögn, starfsleyfi fyrir kaffihús er ekki fyrir hendi.

1.2 Melkot, Mosfellsbær - rekstrarleyfi

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 26.05.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Halldórs Þorgeirssonar, kt. 250160-2836, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II-C Minna gistiheimili í fl.II. að Melkoti, Mosfellsbæ, fnr.F2083474.

Jákvæð umsögn með vísun til svars byggingafulltrúa dags 21.09.2023.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

4.38. Óseyrarbraut 31A, Hafnarfjörður – starfsmannabústaður

Lögð fram umsókn Eiríks Orms Víglundsonar f.h. Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf. kt. 480998-2789, dags 20.09.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir starfsmannabústað að Óseyrarbraut 31A, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2330495. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.09.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 26.09.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 26.09.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er skráning staðfest